

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Bláskógabyggðar, nr. 800/2019.

1. gr.

30. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Fastanefndum Bláskógabyggðar er ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, nema í þeim tilvikum sem greinir í 2. mgr. Aðrar ályktanir nefnda, en þar getur, eru tillögur til sveitarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa staðfestingu sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn felur umhverfisnefnd töku fullnaðarákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar sem háð er framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og tilgreind er í flokki C í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili.

2. gr.

2. og 8. töluliðir í A-lið 41. gr. samþykktarinnar breytast og verða svohljóðandi:

- a) Tölul. 2 orðist svo: *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Skólanefnd fer með málefni grunnskóla skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og leikskóla skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Málefni bókasafna, sem rekin eru af sveitarfélaginu, falla undir skólanefnd.
- b) Tölul. 8 orðist svo: *Framkvæmda- og veitunefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Framkvæmda- og veitunefnd fer með stjórn Bláskógaveitu, þ.e. þeirra vatnsveitna (kalt og heitt vatn) sem Bláskógabyggð rekur í umboði sveitarstjórnar í samræmi m.a. við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og orkulög nr. 58/1967, málefni fráveitu, stjórn Bláskógaljóss, málefni eignasjóðs og málefni sem varða framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur sett skv. 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestir hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 3. mars 2020.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.